



Umsögn Landssamtakanna Þroskahjálpar um tillögu til þingsályktunar um innleiðingu lýðheilsuáætlunar í íslenska löggjöf, 9. mál

14. október 2024

Landssamtökin Þroskahjálpar vinna að réttinda- og hagsmunamálum fatlaðs fólks, með sérstaka áherslu á fólk með þroskahömlun og/eða skyldar fatlanir, fötluð börn og ungmenni og einhverft fólk. Samtökin byggja stefnu sína á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, barnasáttmála SP og öðrum fjölþjóðlegum mannréttindasamningum sem íslenska ríkið hefur undirgengist, sem og á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, sem hafa það meginmarkmið **að skilja enga eftir**.

Landssamtökin Þroskahjálpar þakka fyrir að hafa fengið þingsályktunartillöguna til umsagnar og vilja koma eftirfarandi á framfæri varðandi hana.

Það er mikilvægt skref til framtíðar að innleiða lýðheilsuáætlun til að bregðast við þeim áskorunum sem er nú og framundan eru í tengslum við almenna heilsu landsmanna.

Margar og miklar vísbendingar eru um að heilsa fólks með þroskahömlun og/eða skyldar fatlanir og einhverft fólk sé almennt lakari en annarra og jafnframt um að aðgengi þessa hóps að upplýsingum, úrræðum og heilsutengdum forvörnum og lýðheilsustarfi sé verulega ábótavant. Á þetta m.a. við um átaksverkefni til heilsueflingar, aðgengi að viðeigandi stuðningi og fræðslu um heilsueflingu og sértæk úrræði til að efla heilsu og vellíðan. Mjög mikilvægt er að er að tryggja að allir hafi jöfn og raunhæf tækifæri til að njóta þess sem gert er á sviði almennrar lýðheilsu og að í því sambandi sé sérstaklega litið til aðstæðna, þarfa og réttinda fatlaðs fólks. Nauðsynlegt er því að tekið verði sérstakt tillit til aðstæðna, þarfa og réttinda fatlaðs fólks almennt og fólks með þroskahömlun og/eða skyldar fatlanir og einhverfs fólks sérstaklega þegar lýðheilsuáætlun er framkvæmt.

Íslenska ríkið fullgilti samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks árið 2016 og skuldbatt sig þar með til að framfylgja öllum ákvæðum hans. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar segir að samningurinn verði lögfestur og þá er nú í gangi af hálfu ríkisins framkvæmd sérstakrar landsáætlunar um innleiðingu hans.

Í sambandi við það mál hér er til umsagnar þarf m.a. sérstaklega að líta til réttinda fatlaðs fólks og til skyldna sem hvíla á stjórnvöldum samkvæmt 5. gr. samningsins, sem hefur yfirskriftina **Jafnrétti og bann við mismunun** og 25 gr., sem hefur yfirskriftina **Heilbrigði**.

Landssamtökin Þroskahjálpar lýsa sig reiðubúin til samstarfs og ráðgjafar við framkvæmd þingsályktunartillögunnar verði hún samþykkt og minna í því sambandi á samráðsskylduna sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 4. gr. samnings SP um réttindi fatlaðs fólks:

Landssamtökin Þroskahjálpar

Háaleitisbraut 13 · 108 Reykjavík

Sími 588 9390 · throskahjalp@throskahjalp.is

www.throskahjalp.is

Þegar aðildarríkin undirbúa löggjöf sína og stefnu samningi þessum til framkvæmdar og vinna að því að taka ákvarðanir um málefni sem varða fatlað fólk skulu þau hafa náið samráð við fatlað fólk og tryggja virka þátttöku þess, einnig fatlaðra barna, með milligöngu samtaka sem koma fram fyrir þess hönd.

Með vísan til þess sem að framan er rakið og þess sem fram kemur í greinargerð með þingsályktunartillögunni lýsa Landssamtökin Þroskahjálpar eindregnum stuðningi við tillöguna.

Samtökin óska eftir að fá að koma á fund velferðarnefndar til að gera nefndinni betur grein fyrir áherslum sínum og sjónarmiðum varðandi þingsályktunartillöguna.

Virðingarfyllt.

Unnur Helga Óttarsdóttir, formaður Þroskahjálpar

Anna Lára Steindal, framkvæmdastjóri Þroskahjálpar

Sigríður Ása Alfonsdóttir, verkefnisstjóri heilsueflingarverkefnis Þroskahjálpar